

Fundur 15.apríl 2004

Endurrit fundargerðar byggingar-, skipulags- og hafnarnefndar 15. apríl 2004.

Ár 2004 þann 15.apríl kom bygginga-, skipulags- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum kl. 10:10. Mættir allir nefndarmenn auk byggingafulltrúa og sveitarstjóra er reit fundargerð. Þetta gerðist:

- 1)** Erindi frá Orkubúi Vestfjarða varðandi lóð fyrir dæluskúr og aðra aðstöðu á virkjunarsvæði við Álftaland. Fyrir fundinum lágu afrit að bréfaskriftum Orkubúsins og hreppsins frá árinu 1999, en málið hefur legið niðri síðan. Sveitarstjóra að byggingarfulltrúa falið að afla gagna frá Íbúðalánasjóði og Byggðastofnun varðandi sölu Álftalands árið 1999.
- 2)** Deiliskipulagsuppdráttur fyrir íbúðabyggð á Reykhólum, stærð 0,7 hektarar. Gert er ráð fyrir átta lóðum undir fjögur parhús (8 sérbylí) á einni hæð. Unnið af Landlínum ehf í Borganesi. Skipulagssvæðið afmarkast af Maríutröð að vestan, Hellisbraut að sunnan, Grettiströð að austan og opnu svæði að norðan. Samþykkt að deiliskipulagið verði auglýst.
- 3)** Erindi frá Þörungaverksmiðjunni; umsókn vegna nýbyggingar olíugeymslu. Óskað er eftir leyfi til að reisa olíugeymslu fyrir aftan núverandi verksmiðjuhús. Mikil þörf sé á því að endurnýja núverandi birgðastöð. Teikningar fylgdu erindinu. Erindið samþykkt og byggingarfulltrúa falin afgreiðsla málsins.
- 4)** Erindi frá byggingarfulltrúa vegna grenndarkynningar í sambandi við byggingu íþróttahúss á Reykhólum. Samþykkt að setja íþróttahúsið í grenndarkynningu sem fyrst.

Fleira gerðist ekki, fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fundi slitið kl 12:45.

Þórður Jónsson (sign)
Bogi Kristinsson Magnussen (sign)
Gústaf J. Ólafsson (sign)
Sveinn Ragnarsson (sign)
Einar Örn Thorlacius (sign)